

Hafnarfjarðarbær
Gunnþóra Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 9. janúar 2018
UST201712-165/B.S.
10.05.07

Efni: Stofnræsi - Vellir í Hafnarfirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Hafnarfjarðarbæjar dags. 19. desember 2017 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða skólplög sem lögð verður frá Nóntorgi á Ásvallabraut í norðvestur að brunni við Hraunvallaskóla. Á lagnaleiðinni verðu farið um jaðar hvefisverndarsvæðis Hva9 en yfir mitt svæði Hva8.

Umhverfisstofnun telur almennt að leggja eigi áherslu á að koma lögnum fyrir við skilgreindar lóðir í stað þess að leggja lagnir um hverfisvernduð svæði eða önnur svæði þar sem fara verður um óraskað hraun. Stofnunin telur að þar sem hrauni hefur verið raskað á stórum svæðum í og við Vallahverfi ætti að leggja áherslu á að viðhalda óröskuðu hrauni innan byggðarinnar með svipuðum hætti og sjá má í eldri hverfum Hafnarfjarðarbæjar.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda framkvæmd.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri